

Ar 2024 föstudaginn 29. febrúar, er dómþing haldið í Dómstóli ÍSÍ að Eyravegi 15, Selfossi af settum dómara Ólafi Björnssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 1/ 2024.

Kraftlyftingasamband Íslands (KRAFT)

Kt. 700410-2180

Engjavegi 6. Reykjavík

Gegn:

Grétar Skúli Gunnarsson, kt. 090888-3159- Hamarstíg 25,-600 Akureyri

*Þorbergur Guðmundsson kt. 061293-4349 Jódísarstaðir
605 Akureyri*

Og

*Kraftlyftingafélag Akureyrar
631080-0309
602 Akureyri*

FRÁVÍSUNARÚRSKURÐUR:

Kæra frá Kraftlyftingasambandi Íslands (KRAFT), á hendur Grétari Skúla Gunnarssyni, kt. 090888-3159- Hamarstíg 25 – 600 Akureyri, Þorbergi Guðmundssyni- kt. 061293-4349, Jódísarstaðir, 605 Akureyri og Kraftlyftingafélagi Akureyrar (KFA)- kt. 631080-0309, 602 Akureyri barst skrifstofu ÍSÍ þann 10.janúar 2024 eða tæpum 3 mánuðum eftir að hin kærðu atvik áttu sér stað á bikarmóti KRAFT 22. október 2023.

Málsatvikum: er lýst svo af kæranda að kærðu hafi sýnt af sér óíþróttamannslega framkomu á umræddu bikarmóti. Grétar Skúli hafi verið með ofbeldisfulla tilburði gagnvart aðilum á mótinu, bæði keppendum og þjálfurum. Fylgdu þessu allnokkrir vitnisburðir á tölvupóstum um hvað gerst hafði.

Kærandi bendir á að í viðbragðsáætlun íþróttá- og æskulýðsfélaga, kafla 5, sé m.a. fjallað um ofbeldi og er skilgreiningin á líkamlegu ofbeldi þegar líkamlegu afli er beitt gegn öðrum einstaklingi, hvort sem líkamlegur skaði hlýst af eða ekki. Í hegðunarviðmiðum Sí fyrir þjálfara segir í 6. kafla um ofbeldi að það sé ekki liðið innan íþróttahreyfingarinnar. Einnig segir í 1. kafla að koma skuli fram af virðingu, m.a. gagnvart mótherjum, þjálfurum, dómurum og öðru starfsfólki.

Stjórn KRAFT telur að í hegðun Grétars Skúla Gunnarssonar kunni að felast brot á 5. gr. mótarreglna KRAFT og staflidum a og b í 4. tölul. 35.1. greinar laga ísí.

Dómkröfur: Ekki koma fram neinar dómkröfur af hálfu kæranda í kæru eða kærumálsgögnum.

Sjónarmið kærðu:

Í greinargerð *Grétars Skúla Gunnarssonar* kemur fram að hann krefst þessa að málínu verði vísað frá domi.

Til vara: Ef að málið verður tekið fyrir að Grétar Skúli Gunnarsson verði fundinn saklaus af öllum ásökunum.

Formsatriðin:

- Almennur kærufrestur er 7 dagar en Kraft ákveður að sitja á þessari kæru til 10. jan 2024 en þessi atvik áttu að hafa átt sér stað 22. október 2023.
- Ég get með engu móti séð hvað ég er kærður fyrir eða þess þá heldur á hvaða laga grundvelli. Það koma engar dómkröfur fram í kærunni.
- Það er talað um 6 atvik en aðeins þrjú talin upp, sem eru númer 1, 2 og 5.
- Engin vitni eru tilgreind sem kærandi mun kalla til skýrslutöku.
- Lýsing á gögnum eru í belg og biðu og mjög erfitt að ráða fram úr þeim.
- Klippt er á nokkrar frásagnir hjá vitnum, sem er undarlegt. Það vantar einhvern ótiltekinn fjölda blaðsíðna í gögnin. Í raun er málið algjörlega ótækt til frekari umfjöllunar.

Málsástæður: kærða Gunnars Skúla

Tilvik 1 Það sem virðist hafa gerst að mati kærða er að hann og Sóley Margrét hafi líklega rekist á hvort annað fyrir utan upphitunarsalinn. Að sögn kærða var það ekki viljandi af hans hálfu og enginn ásetningur.

Kærði bendir á að athyglisvert sé að í myndskeiðsupptöku sjáist að hún gengur nálægt okkur í lok mótsins og ekki er með nokkru móti hægt að sjá að henni stafi ógn af kærða nema síður sé. Augljóst sé á myndbandinu sem til er að kærði reyni að halda sér frá henni en ekki öfugt. Allt sem sagt er um þetta tilvik er hreinn tilbúningur og staðfestir m.a. myndbandið það.

Tilvik 2

Kærði hefur það sama að segja um þetta tilvik. Það var ekki viljandi af kærða hálfu og enginn ásetningur.

Tilvik 5 Ásökun 1:

Atvikum er lýst svo að kærði hafi verið ógnandi og með niðrandi ummæli gagnvart nýliðum. Að sögn kærða er ekkert meira fjarri afstöðu hans til nýliða en þessi framsetning. Kærði hafi verið með skipulagðar æfingar fyrir byrjendur, börn, unglings, fatlaða og fullorðna frá árinu 2012. Afrakstur þessarar þjálfunar er að fleiri hundruð manns hafa lært lyftingar og keppt undir handleiðslu kærða.

Ásökun 2: Kærði er sakaður um að hafa öskrað baksviðs að dómarnir væru "djöfulsins rottur" Þetta er ekki rétt að sögn kærða. Ef upptaka af mótinu er skoðuð er hægt að sjá og heyra viðbrögðin eftir fyrstu beygjuna á mótinu. Það sést að kærði er að spá í dómnum þar sem það var óljóst hvers vegna lyftan var metin ógild. Kærði fær það svar að ekki hafi verið beðið nægilega vel eftir merkjum til að skila stönginni. Kærði ræddi við hana fyrir framan myndavélar um að við höldum áfram upp. Kærði gekk síðan aftur í áttina að myndavélinni og skilaði inn meldingarmiða fyrir næstu lyftu. Hann fékk svar um hver átti hvíta ljósið og hélt áfram inní upphitunarsal til að sinna Söru fyrir næstu lyftu. Það sést vel á upptöku og hljóði að þessi ásökun er ósönn að mati kærða.

Ásökunarliður 3: Vegna meintra óspekta eftir klúður dómara um að hafa ekki tryggt að metaskífur væru til staðar við mótauhaldið. Kærði er sakaður um hafa sagt að þetta hlyti að vera "viljandi" eða gert af "ásetningi". Það er skýrt í keppnisreglum að fyrsta verk dómara fyrir vigtun keppenda er að tryggja að metaskífur og keppnisvöllur sé tilbúinn fyrir mótið.

Kærði hefur verið með landsdómara réttindi í kraftlyftingum síðan 2008 og starfað á rúmlega 200 móturnum síðan þá. Kærði hefur séð að móturnum hefur verið seinkað ef metaskífur hafa ekki verið löglegar eða vantað við mótauhaldið og margoft séð móthaldara verið beðna um að vera með löglega vigt sem getur verið notuð til að vigtu þær fyrir mótið.

Varðandi annan vitnisburð og ömurlegan rógburð sem kemur fram í málsgögnum vill kærði taka fram: - „Ég nota ekki kannabis eða önnur eiturlýf. - Ég var ekki að klæmast við iðkanda minn og myndi aldrei gera það“.

Í greinargerð kærða Þorbergs Guðmundssonar koma sömu dómkröfur og sjónarmið fram og hjá Grétari Skúla, en eftirfarandi er tekið fram:

- Kraftlyftingafélag Akureyrar, Þorbergur og Grétar Skúli eru allir kærðir í sömu kærunni. Öll málsatvik og vitnisburðir snúa að Grétari Skúla einum og hans meintu háttsemi.
- Fyrirsvaramaður KFA er ekki tilgreindur enda kemur þessi kæra úr heiðskíru lofti og stjórn Kraft hefur ekkert haft samband við stjórn KFA um þessa atburði, en eðlilegast væri að fá allar hliðar áður þar sem sambandið á að vera hlutlaust.
- Lýsing málavaxta er mjög ruglingsleg og reynt að hlera einkasamtöl á milli mín og annarra, þar sem aðeins brot og brot heyrist til að reyna að gera það tortryggilegt.
- Engin vitni eru tilgreind sem kærandi mun kalla til skýrslutöku.
- Lýsing á gögnum er í belg og biðu og mjög erfitt að ráða fram úr þeim.
- Klippt var á nokkrar frásagnir hjá vitnum, sem er undarlegt. Það vantar einhvern ótiltekinn fjölda blaðsíðna í gögnin.

Í raun sé málið algjörlega ótaekt til frekari umfjöllunar.

Í greinargerð Kraftlyftingarfélags Akureyrar: (KFA) eru sömu dómkröfur settar fram og að ofan greinir, en jafnframt er neðangreint tekið fram:

Formsatriðin :

- Almennur kærufrestur er 7 dagar en Kraft ákveður að sitja á þessari kæru til 10. jan 2024 en þessi atvik áttu að hafa átt sér stað 22. október 2023.
- Stjórnin getur með engu móti séð hvað félagið er kært fyrir eða þess þá heldur á hvaða laga grundvelli. Það koma engar dómkröfur fram í kærunni.
- Framsetning kærunnar er mjög ruglingsleg og erfitt að sjá hvernig málið varðar. Kraftlyftingafélag Akureyrar. Í raun er KFA ómögulegt að skilja hvernig aðild félagsins er til komin.
- Það er talað um 6 atvik en aðeins þrjú talin upp, sem eru númeruð 1,2 og 5.
- Kraftlyftingafélag Akureyrar, Þorbergur og Grétar Skúli eru allir kærðir í sömu kærunni. Öll málsatvik og vitnisburðir snúa að Grétar Skúla einum og hans meintu háttsemi.

- Fyrirsvaraður KFA er ekki tilgreindur enda kemur þessi kæra úr heiðskíru lofti og stjórn Kraft hefur ekkert haft samband við stjórn KFA um þessa atburði, en eðlilegast væri að fá allar hliðar áður þar sem sambandið á að vera hlutlaust.
- Lýsing málavaxta er mjög ruglingsleg og ekkert minnst á hvar KFA gerist saknæmt sem félag. Enginn vitni eru tilgreind sem kærandi mun kalla til skýrslutöku.
- Lýsing á gögnum er í belg og biðu og mjög erfitt að ráða fram úr þeim.
- Klippt var á nokkrar frásagnir hjá vitnum, sem er undarlegt. Það vantar einhvern ótiltekinn fjölda blaðsíðna í gögnin.

Málsástæður Kraftlyftingarfélags Akureyrar:

Stjórn KFA getur ekki séð með neinu móti séð hvað félagið er kært fyrir, enda Kraft ekkert búið að hafa samband vegna þessa máls, né beðið um vitnisburð iðkenda KFA. Stjórn KFA finnst eðlilegast þegar svona mál koma upp að samskipti séu á milli sambands og félags. Stjórn KFA telur það mjög ámaelisvert að Kraft skuli einungis biðja um umsögn frá annarri hliðinni á viðkomandi málum.

Það kom upp ágreiningur um nokkur atriði á mótinu sem var talið að hefði verið leyst þar og þá. Kraft fer samt sem áður í heljarinnar rannsóknarvinnu á meintum brotum KFA, Þorbergs og Grétars, sem virðist ljúka í kringum 30. október.

KRAFT ákveður samt sem áður að sitja á málinu til 10. janúar sem í besta falli getur talist stórundarlegt. Þar sem þessari rannsókn lauk 30. október 2023 er útilokað að kærufresturinn geti verið lengdur fram yfir 6. nóvember hvað þá til 10. janúar 2024. sem í besta falli getur talist stórundarlegt. Þar sem þessari rannsókn lauk 30. október 2023 er útilokað að kærufresturinn geti verið lengdur fram yfir 6. nóvember hvað þá til 10. janúar 2024.

Í þeim gögnum sem KFA hefur undir höndum er ekkert sem bendlar KFA við málið eða málavexti, engar kröfur eru gerðar á hendur féluginu og því í raun ekkert frekar sem KFA getur sett í þessa greinargerð til að andmæla kærunni af sinni hálfu.

Félagið harmar að félagið sé dregið inn í mál af þessu tagi án nokkurrar ástæðu.

Niðurstaða:


Almennur kærufrestur til að kæra mál til Dómstóls ÍSÍ er 7 dagar og rann sá frestur út mánudaginn 30. október 2023 miðað við gögn málsins. Af þessum sökum verður ekki hjá því komist, í samræmi við afdráttarlaust orðalag greinar 24.2 í lögum ÍSÍ, að vísa málinu frá þar sem kærufrestur var löngu liðinn er kæran barst dólmstól ÍSÍ 10. jan. sl.

Þá virðist kæran einnig, a.m.k að hluta, varða ávirðingar kærðu um líkamsáras en slík mál eiga undir lögreglu og almenna dólmstóla, en ekki dólmstól ÍSÍ.

Úrskurðarorð:

Máli kærenda Kraftlyftingasambands Íslands kt. 700410-2180 gegn Grétari Skúla Gunnarssyni, kt. 090888-3159- Hamarstíg 25 – 600 Akureyri, Þorbergi Guðmundssyni- kt.

061293-4349, Jódísarstaðir, 605 Akureyri, og Kraftlyftingafélagi Akureyrar (KFA)- kt.
631080-0309, 602 Akureyri, er vísað frá dómi.



Ólafur Björnsson hrl
Dómari við dómstól ÍSÍ

Um málsskotsheimild:

Grein 24.3 í lögum ÍSÍ:

„Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagarár skulu ekki telja með.

